

Ed.

570. Nefndarálit

[211. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að kostnaður við uppgröft skips af því tagi, sem hér er tilgreint, sé einungis mjög takmarkaður hluti af kostnaði við raunverulega björgun.

Ef ekki er gripið til viðeigandi ráðstafana, svo sem að hindra þornun, þá mun skipið eyðileggjast á skömmum tíma eftir að andrúmsloft tekur að leika um það. Talið er að kostnaður við slíkar aðgerðir sé a. m. k. 100 milljónir króna. Auk þess krefjast slíkar aðgerðir rækilegs undirbúnings. Um þetta hefur ekkert verið fjallað.

Uppgröftur skipsins þýðir því annaðhvort enn meiri kostnað en hér er tilgreindur eða eyðileggingu fornminja.

Það, sem að ofan er rakið, miðast við að fundið sé flak af skipinu Het Wapen. Það er þó ekki óyggjandi. Þvert á móti hafa vísindamenn við Háskóla Íslands einmitt bent á að þeir telji frekari rannsóknir í formi borana nauðsynlegar til að fá betri upplýsingar um það, hvað í sandinum leynist.

Þegar af þeim ástæðum, sem hér eru tilgreindar, virðist undirrituðum einsýnt að nú eigi að fara í frekari rannsóknir og leita eftir samningum við erlenda vísindamenn um það efni. Jafnframt á að leita samvinnu við hollenska aðila um björgun skipsins. Þegar niðurstaða þessa liggur fyrir er rétt að fjalla um framhald málsins, en fyrr ekki.

Meiri hluti nefndarinnar gerir nú ráð fyrir að ríkisábyrgðin verði veitt með margvíslegum skilyrðum. Undirrituðum sýnist það röng aðferð, en rétt sé að Alþingi taki afdráttarlausu afstöðu, enda eru dæmin til að sanna að skilyrði af þessu tagi eru haldlaus, sbr. skilyrðingu fyrirgreiðslu til Flugleiða á sínum tíma.

Undirritaður telur rétt að stuðla að því, að í sumar verði gerðar þær rannsóknir sem vitnað er til hér að framan, og er reiðubúinn til þess að styðja styrkveitingu í þessu skyni. Hins vegar er á þessu stigi látið nægja að flytja breytingartillögu um upphæð fjárhæðar sem heimiluð yrði ábyrgð á. Er upphæðin í samræmi við áætlaðan rannsóknarkostnað skv. fánlegum upplýsingum. Er breytingartillagan flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. mars 1983.

Kjartan Jóhannsson.